

Reikningar	Hvar sé ég reikningsupplýsingarnar?	“Invoices” (reikninga-)kaflinn í Lely portal sýnir alla Horizon-“invoices” með nánari upplýsingum.
Reikningar	Hvaða greiðsluaðferðir eru í boði?	Við bjóðum upp á greiðslur með kreditkorti.
Reikningar	Af hverju notar Lely sjálfvirka greiðslu (kreditkort) sem greiðslumöguleika?	Þegar viðskiptavinir hafa vanist sjálfvirkri innheimtu vilja þeir sjaldan fara til baka • Miðað við reynslu fjölmargra greina svo sem fjarskiptafyrirtækja, veitna (rafveita, vatnsveita o.s.frv.) og sjónvarpsfyrirtækja er ljóst að viðskiptavinir kjósa sjálfvirka innheimtu þegar til lengdar lætur. • Tilfinningin um “að missa stjórn” eða “tregða” eru aðallega vegna skorts á árvekni eða ótta við hið óþekkta. • Hikið hjá viðskiptavinum hverfur gjarnan fullkomlega þegar þeir sjá að: - reikningar berast reglulega og eru auðfundnir á netinu; - ef upp kom vandamál er hægt að snúa við greiðslum allt að 8 vikur aftur í tímann með einum smelli og - það er ekki lengur neitt vesen með að verða að muna að greiða mánaðarlega innan 2 vikna.
Reikningar	Er öruggt að greiða beint eða með kreditkorti?	Lely getur einfaldlega ekki hirt peningana þína. Þegar viðskiptavinir veita samþykki fyrir beinni millifærslu halda þeir réttinum til að afturkalla hana, sem þýðir að þeir geta snúið til baka greiðslunni. Oft er hægt að gera þetta einfaldlega í bankaappi. Greiðslunni er snúið við með einum smelli og peningunum er skilað samstundis á reikning viðskiptavinarins. Engra spurninga er spurt. Viðskiptavinir geta snúið við greiðslum hvenær sem er þegar í stað ef Lely hefur gert mistök þótt við að sjálfsgöðu kysum að fá símhringingu til að geta leyst úr málinu. Á bankakortum frá SEPA (Single European Payment Area) hafa viðskiptavinir í hvaða banka sem er rétt til að snúa við beinum millifærslum allt 8 vikum eftir greiðslu. Fyrir ACH (N-Ameríka) er þessi tími 90 dagar. Með bara einum smelli í bankaappinu þínu verður peningunum skilað inn á reikninginn þinn. Engra spurninga er spurt. Þetta er betri trygging en gildir um venjulegar bankagreiðslur sem veita aðeins 2 vikna greiðslufrest.
Reikningar	Er hægt að greiða handvirk?	Sem stendur er það ekki mögulegt að greiða handvirk. Lely vinnur að lausn um að veita handvirka greiðsluþjónustu í framtíðinni.
Reikningar	Hefur mánaðarleg greiðsla áskriftarpakkans í för með sér notkun á öllum vettvöngum?	Það er aðeins ein greiðsla á mánuði. Ef þú ert með Control- eða Advance-pakkana nær hún líka til notkunar farsíma.
Gátt og notkunarmynstur	Verður Lely portal fyrir alla viðskiptavini sem nota Horizon?	Allir Lely viðskiptavinir sem nota Horizon stjórnkerfið og fá reikning beint frá Lely geta notað www.lelyportal.com. Ef þú ert ekki enn Horizon-notandi/Lely-viðskiptavinur myndum gjarnan vilja að svo yrði. Sem bóndi skaltu hafa samband við Lely Center til að útvega aðgang.
Gátt og notkunarmynstur	Hef ég aðgang að Horizon og Lely portal gegnum hvers kyns nettæki?	Já, Horizon og Lely portal (gegnum vafrann) má nota í gegnum hvers kyns nettæki. Horizon má aðeins nota á nettækjum ef þú ert áskrifandi að “Control” eða “Advance”.
Gátt og notkunarmynstur	Hvernig fæ ég réttar innskráningarsupplýsingar?	Við skráningu á www.lelyportal.com þarftu að nota viðskiptanúmer og persónulegan skráningarkóða. Þessar upplýsingar færðu hjá Lely Center. Nýir viðskiptavinir munu við skráningu í Horizonþurfa sérstakar Horizon innskráningarupplýsingar. Núverandi viðskiptavinir skulu við skráningu í Horizon nota innskráningarupplýsingar fyrir T4C.
Gátt og notkunarmynstur	Ég er með nýtt netfang, en vil halda núverandi aðgangsorði. Er það hægt í Lely portal?	Já, það er mögulegt. Þú getur breytt netfangi og öðrum persónulegum upplýsingum á www.lelyportal.com.
Gátt og notkunarmynstur	Ég sé villuboð þegar ég skrái mig inn á Lely portal. Hvað á ég að gera?	Ef villuboð birtast við innskráningu gæti verið að þú hafir slegið inn rangt notandanafn eða aðgangsorð (eða ef til vill vélritunarvillu eða ekki notað rétt hástafi og lágstafi) fyrir mistök. Þú verður beðin/n – og gefið tækifæri – til að skrá þig inn aftur. Ef villuboðin halda áfram skaltu hafa samband við Lely Center.
Gátt og notkunarmynstur	Þrátt fyrir margar tilraunir get ég ekki innskráð mig í Lely portal. Hvað get ég gert?	Ef kerfið kannast ekki við notandanafnið eða aðgangsorðið sem þú slóst inn færðu villuboð. Þú verður beðin/n – og gefið tækifæri – til að skrá þig inn aftur. Ef þú getur ekki innskráð þig biðjum við þig að hafa samband við Lely Center.
Gátt og notkunarmynstur	Ef ég er innskráð/ur á www.lelyportal.com lengi án þess að framkvæma aðgerðir þarf ég að innskrá mig aftur eftir stundarkorn. Af hverju?	Það er af öryggisástæðum. Þú verður færð/ur til baka á innskráningarskjáinn þar sem þú getur innskráð þig aftur.
Gátt og notkunarmynstur	Hvernig virkja ég Lely portal?	Þegar þú virkjar Lely portal þarftu viðskiptanúmerið þitt og persónulegan skráningarkóða. Það færðu hjá Lely Center.
Gátt og notkunarmynstur	Hvernig fer ég fram á reikning fyrir Lely portal?	Lely Center sér þér fyrir upplýsingum til að virkja Lely portal ef þú ert nýr viðskiptavinur eða núverandi viðskiptavinur að flytja þig yfir í Horizon. Ef ég þarf virkjunarupplýsingar af öðrum ástæðum (t.d. ef þær týndust), getur Lely Center beðið um nýja virkjunarkóða hjá Lely.
Gátt og notkunarmynstur	Get ég virkjað Horizon í Lely portal?	Nei, Lely portal er persónulegt umhverfi þar sem hægt er að stýra valkostum og greiðsluupplýsingum.
Gátt og notkunarmynstur	Hvaða upplýsingar eru geymdar í “User profile” mínum?	Við þurfum ýmsar persónuupplýsingar (svo sem nafn, heimilisfang og greiðsluupplýsingar) til að setja pöntunarferlið rétt upp. Það má skoða þessar upplýsingar og uppfæra þær með því að nota hnappinn “User profile”. Við fullvissum þig um að persónulegar upplýsingar þínar og greiðsluupplýsingar eru í öruggum höndum. Lely fylgir nákvæmlega öllum reglum um persónuvernd og öryggi.
Gátt og notkunarmynstur	Get ég farið beint í Lely portalþegar ég er sjálf/ur að vinna í Horizon?	Nei, það er ekki hægt. Lely portaler allt annað forrit með öðrum innskráningarupplýsingum.
Gátt og notkunarmynstur	Ef ég vil skipta í annan áskriftarpakka fyrir Horizon, get ég þá séð upplýsingarnar fyrir hina áskriftarpakkana í Lely portal?	Hægt er að fá Horizon-hugbúnaðinn í tvenns konar pökkum: Control-pakka og Advance-pakka. Núverandi viðskiptavinum Lely bjóðum við um stundarsakir inngöngupakka (Basic) sem kemur með takmarkaða virkni. Hægt er að bera saman virkni mismunandi pakka á https://communications.lely.com/horizon til að hjálpa þér að velja hver þeirra er bestí kosturinn fyrir þig.
Gátt og notkunarmynstur	Get ég skipt um pakka þótt ég sé enn á reynslutímabili?	Já, það er mögulegt. Þetta er hægt að gera í Lely portal.
Gátt og notkunarmynstur	Eftir skráningu í Lely portal, hvenær verður T4C ekki lengur í boði?	Á meðan á reynslutímabilinu stendur geturðu notað Horizon samhliða T4C til að auðvelda umskiptin. Í lok ókeypis reynslutímabilsins verður T4C fjarlæggt og þú getur haldið áfram í Horizon með þá áskrift sem þú valdir. Auðvitað færðu líka tölvupóst frá okkur fáeinum vikum áður en reynslutímabilinu lýkur svo að þú getir búið þig undir lokadaginn.
Gátt og notkunarmynstur	Getur einhver á búinu mínu innskráð sig í Lely portal?	Nei, aðeins áskrifendur sem lokið hafa og staðfest reikninga sína geta innskráð sig í Lely portal. Aðgang að Horizon hugbúnaðinum sjálfum hafa auðvitað fleiri en einn á búinu ef þú kaust að hafa það þannig.
Gátt og notkunarmynstur	Hvað er til ráða ef ég hef gleymt aðgangsorðinu mínu?	Til að fá nýtt aðgangsorð skaltu smella á hnappinn „gleymt aðgangsorð“. Innskráningarskjár opnast þar sem þú getur slegið inn netfangið þitt. Notaðu endilega netfangið sem þú innskráir þig alltaf með (undir innsíttarreitnum „notandanafn“). Lely notar líka þetta netfang til að vera í sambandi við þig. Eftir að þú hefur sent beiðni um nýtt aðgangsorð færðu það sent með tölvupósti. Þá geturðu innskráð þig með aðgangsorðinu sem þú fékkst. Af öryggisástæðum verðurðu beðin/n að breyta því aðgangsorði strax og varðveita á öruggum stað.
Gátt og notkunarmynstur	Getur einhver annar virkjað Horizon fyrir mig?	Nei, það er ekki hægt. Lely portal er persónulegt umhverfi þar sem hægt er að stýra valkostum og greiðsluupplýsingum. Þessu verðurðu að stýra sjálf/ur.
Gátt og notkunarmynstur	Hvað ber að gera þegar ég tel að einhver annar fari í mína gátt án míns leyfis?	Hafðu samband við Lely Center strax.
Gátt og notkunarmynstur	Ég er viðskiptavinur og nota T4C. Við hverju get ég búið?	Ásamt Lely Center aðstoðum við þig við að flytjast yfir í Horizon. Við undirbúum flutninginn skref fyrir skref eftir því hverjar aðstæður þínar eru. Þú munt heyra frekar frá okkur fyrir lok ársins 2021.
Gátt og notkunarmynstur	Hvernig verður mér hjálpað við flutninginn frá T4C í Horizon?	Til að tryggja hnökralausan flutning yfir í viðmót og aðgerðir Horizon höfum við þróað nokkur netnámskeið á „Farmers Academy“ hjá okkur. Þú hefur aðgang að þessari þjónustu gegnum borða efst í T4C hjá þér. Þú getur til dæmis skoðað nýja möguleika til að styðja við ákvarðanatöku eða hvernig verkefnatengdar venjur birtast þér. Stór hópur sérfræðinga vinnur líka á öllum Lely Center-stöðvum okkar sem aðstoða þig við flutninginn.

Upplýsingar í þessu riti eru einungis settar fram í upplýsingaskyni og ber ekki að líta á þær sem sölutilboð. Tiltæknar vörur eru e.t.v. ekki til í einstökum löndum og vörur frá birgjum kunna að vera aðrar en hér er sýnt. Óheimilt er að afrita eða gefa út rit þetta, að hluta eða í heild, og gildir það um prent, ljósrit, örfilmu eða hvers konar annað útgáfuform, án skriflegs leyfis Lely Holding B.V. Þótt efni þessa rits hafi verið unnið eins vandlega og framast var unnt verður Lely ekki sótt til ábyrgðar vegna nokkurs þess tjóns eða skaða sem kann að verða vegna meintrar villu eða mistaka í þessu riti.

Nánari upplýsingar um rétt til einkanotkunar er að finna í tilkynningu um vörunúmeri á www.lely.com.

Höfundarréttur © 2021 Lely Holding B.V. Allur réttur áskilinn.

